

Nd.

476. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið á eitt mál sátt um frv. þetta. Meiri hl. vill fella það og færir sem ástæður, að ferðalög sju svo erfið og dýr hjer á landi, að ekki sje rjett að íþyngja þeim með sköttum.

Þó að minni hl. viðurkenni þessa skoðun að nokkru, þá lítur hann samt svo á, að þeir, sem mest not geta haft af samgöngunum og nota þær mest, ættu að leggja nokkuð af mörkum fram yfir hina, sem ekki nota þær, en aðeins greiða fje til þeirra, og þá einkum ef það fje, sem þannig fengist, væri notað til aukinna samgöngubóta. Þessi skoðun minni hl. hefir og verið viðurkend á Alþingi. Á þinginu 1921 voru samþykkt lög um bifreiðaskatt, og skyldi honum varið til þess að auka og bæta bílfæra vegi. Með frv. því, sem hjer liggur fyrir, er stigið hliðstætt spor í þá átt að efla samgöngur á sjó. En til þess að tryggja þetta enn betur vill minni hl. nefndarinnar leggja til, að það fje, sem kemur inn á þennan hátt, verði látið renna í sjerstakan sjóð, sem á sínum tíma verði varið til þess að kaupa og starfrækja nýtt strandferðaskip.

Við leggjum því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Stimpilgjald þetta renni í sjerstakan sjóð, sem nefnist Siglingasjóður Íslands. Skal honum varið til styrktar og eflingar strandferðum. Sjóðurinn er undir umsjón landsstjórnarinnar.

Alþingi, 13. mars 1928.

Halldór Stefánsson,
form.

Hannes Jónsson,
frsm. minni hl.